

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skiptingu á Þingeyjar prófastsdæmi í tvö.

1869.
29. maí.

Þá er kirkju- og kennslustjórninni hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsett 27. marzmán. þ. á., bar hún málefni það, sem þar er um rædt, upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast að fallast á 26. þ. m. samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að skipta megi Þingeyjar prófastsdæmi, sem nú er, í tvö prófastsdæmi, þannig að þessi fimm braud: Garður í Kelduhverfi, Skinnastaðir, Presthólar, Svalbarð í Þistilfirði og Sauðanes verði eptirleidis prófastsdæmi útaf fyrir sig, er heiti Norður-Þingeyjar prófastsdæmi, og hin 11 brauðin í prófastsdæminu verði annað prófastsdæmi, er heiti Suður-Þingeyjar prófastsdæmi.

Þetta skal yður hér með kunngjört, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf.

51. Bréf kirkju og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

29. maí.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 1. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi . 15 rd.

— Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðar-

hrauni 50 -

— Jóni Sigurðssyni frá Söndum 50 -